

Nefndasvið Alþingis  
B.t. efnahags- og viðskiptanefndar  
101 Reykjavík  
Sent til: nefndasvid@althingi.is

Reykjavík, 3. desember 2018  
Tilvísun: 2018110038

## Efni: Umsögn um frumvarp til breytinga á lögum um fjármálafyrirtæki, 303. mál.

Fjármálaeftirlitið vísar til tölvubréfs nefndarsviðs Alþingis, dags. 16. nóvember 2018, þar sem óskað er umsagnar stofnunarinnar um frumvarp til laga um breytingu á lögum um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002 með síðari breytingum (stjórn og endurskoðun), 303. mál.

Í 2. málsli. 4. mgr. 3. gr. frumvarpsins er kveðið á um að Fjármálaeftirlitinu sé heimilt að upplýsa Evrópsku bankaeftirlitsstofnunina ef það veitir stjórnarmanni eða framkvæmdarstjóri kerfislega mikilvægs fjármálafyrirtækis undanþágu frá takmörkunum á hámarksfjölda stjórnna. Fjármálaeftirlitið vekur athygli á því að í 6. mgr. 91. gr. tilskipunar nr. 2013/36/ESB er kveðið á um skyldu til að upplýsa Evrópsku bankaeftirlitsstofnunina um framangreint með reglubundnum hætti en ekki heimild. Með vísan til þess leggur Fjármálaeftirlitið til að í stað þess að kveðið sé á um heimild verði kveðið á um skyldu eftirlitsins til að upplýsa um framangreint með reglubundnum hætti.

Í 4. gr. frumvarpsins er á nokkrum stöðum vísað til „félags“ í stað „fjármálafyrirtækis“. Þess má geta að ekki eru öll fjármálafyrirtæki rekin í félagaformi en sparisjóðir geta samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki verið sjálfseignarstofnanir. Með vísan til framangreinds leggur Fjármálaeftirlitið til að orðið fjármálafyrirtæki“ komi í stað „félags“ í 4. gr. frumvarpsins.

Ákvæði 4. gr. tilskipunarinnar kveður á um í hvaða tilvikum endurskoðanda ber að upplýsa Fjármálaeftirlitið um atvik er varða fjármálafyrirtæki. Svo virðist sem b liður ákvæðisins sé heldur þrengri en b liður 1. mgr. 63. gr. tilskipunar 2013/36/ESB sem orðast svo: „affect the ongoing functioning of the institution.“ Með vísan til framangreinds og til að ákvæði frumvarpsins endurspegli betur ákvæði tilskipunarinnar leggur Fjármálaeftirlitið til að 2. mgr. 4. gr. orðist svo:

„Endurskoðanda er skylt að gera Fjármálaeftirlitinu tafarlaust viðvart fái hann vitneskju, í starfi sínu fyrir fjármálafyrirtækið eða aðila sem er í nánnum tengslum við það, um atriði eða ákvarðanir sem:

- fela í sér veruleg brot á löggjöf sem gildir um starfsemi fjármálafyrirtækisins eða hvers konar brot sem koma til skoðunar á grundvelli 9. gr.
- kunna að hafa áhrif á reglulega starfsemi fjármálafyrirtækisins.
- leitt geta til þess að endurskoðandi mundi synja um áritun eða gera fyrirvara við ársreikning fjármálafyrirtækisins.“

Virðingarfyllst,

FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

  
Björk Sigurgisladóttir

  
Guðrún Finnborg Þórðardóttir